

FINNBORG SALOME STEINÞÓRSDÓTTIR
OG GYÐA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR

Ábyrgar konur og sjúkir karlar

Birtingarmyndir nauðgunarmenningar
í íslensku samfélagi

Inngangur

Á undanförunum mánuðum og árum hafa konur stigið fram og rofið þögnina um kynferðislega áreitni, nauðganir og annað kynferðislegt og kynbundið ofbeldi. Mikill fjöldi kvenna hefur sagt sögu sína undir myllumerkinu (#) #höfumhátt¹ og #metoo.² Sögur kvenna gefa til kynna að kynferðislegt ofbeldi sé útbreiddur vandi. Það rímar við niðurstöður rannsókna sem sýna háa tíðni kynbundins ofbeldis³ og kynferðislegrar áreitni,⁴ sem og mikla ásókn í stuðningsúrraði fyrir brotþola.⁵ Segja má að það hafi átt sér stað vitundarvakning gegn nauðgunarmenningu (e. *rape culture*). Nauðgunarmenning hefur verið skilgreind sem menning sem ýtir undir og viðheldur kynferðislegu ofbeldi

¹ Kvenréttindafélag Íslands, „#höfumhátt“, *kvenrettindafelag.is*, 15. september 2017, sótt 8. apríl 2019 af <http://kvenrettindafelag.is/2017/hofumhatt/>.

² Hugrún R. Hjaltadóttir, „#Metoo á Íslandi“, *jafnretti.is*, 18. desember 2017, sótt 8. apríl 2019 af <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/frettir/metoo-a-islendi>.

³ Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, *Rannsóknir á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*, Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010, bls. 28.

⁴ „Nær 40% kvenna orðið fyrir ofbeldi“, *mbl.is*, 8. mars 2019, sótt 8. apríl 2019 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/08/naer_40_prosent_kvonna_ordid_fyrir_ofbeldi/.

⁵ Stígamót, *Ársskýrsla Stígamóta 2017*, Reykjavík: Stígamót, 2018. Sunna Valgerðardóttir, „Nauðganir verða sífellt grófari“, *RÚV*, 22. apríl 2017, sótt 8. apríl 2019 af <http://www.ruv.is/frett/naudganir-verda-sifellt-grofari>.



gegn konum og samþykkir ofbeldið og ótta kvenna við ofbeldið sem norm. Buchwald, Fletcher og Roth benda á að slík menning fái að viðgangast og án gagnrýni, almennt viðhorf í samfélaginu er að slík menning sé „eðlileg“ og óhjákvæmileg og með þeim hætti er undirokaðri stöðu kvenna í samfélaginu viðhaldið. Nauðgunarmenning er því ein af birtingarmyndum kynjamisrættis.⁶

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á birtingarmyndir nauðgunarmenningar á Íslandi. Leitast er við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hvaða hugmyndir eru ríkjandi meðal ungs fólks um nauðganir? Eru þolendur gerðir ábyrgir fyrir ofbeldinu og gerendur séðir sem sjúkir og þar með ekki ábyrgir gjörða sinna? Samræmast þessar hugmyndir mýtum um „alvöru nauðgun“? Hvernig spegla brotapolar nauðgana sig í þessum hugmyndum? Rannsóknin er byggð á eigindlegum rannsóknaraðferðum. Tekin voru rýnihópaviðtöl við háskólanema á höfuðborgarsvæðinu og hálf-stöðluð viðtöl við háskólanema, brotapolar nauðgana og sérfræðing sem starfar náið með brotapolum. Gagnaöflun fór fram á árunum 2011-2013 og voru viðmælendur 23 talsins. Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á nauðgunarmenningu hér á landi, hvernig nauðganir og annað kynferðislegt ofbeldi er normalísað og hvernig orðræðan eða ríkjandi hugmyndir um nauðganir fjalla einkum um að brotapolum er kennt um nauðganirnar, nauðgun er dregin í efa og leitað er leiða til að afsaka gjörðir gerenda. Áður en fjallað er frekar um niðurstöður rannsóknarinnar munum við fara yfir fræðilegar undirstöður. Í framhaldi af því er farið yfir aðferðarfræði rannsóknarinnar, gagnaöflun og greiningu gagna.

Fræðilegar undirstöður

Ofbeldi er talið kynbundið þegar í því birtist kerfisbundið valdamynstur þar sem karlar eru meirihluti gerenda og konur meirihluti þolenda. Kynbundið ofbeldi getur verið andlegt, líkamlegt og kynferðislegt, en hér er áherslan á kynferðislegt ofbeldi. Kynferðislegt ofbeldi birtist m.a. í kynferðislegri áreitni og nauðgunum. Buchwald, Fletcher og Roth segja rót kynferðisofbeldis vera undirliggjandi viðhorf til kvenna, viðhorf sem hægt er að breyta. Í nauðgunarmenningu eru valdbeiting og yfirráð álitin kynsandi, sem ýtir undir kynferðislegan yfirgang karla.⁷ Karlar mynda félagsleg tengsl sín á milli með því að áreita konur kynferðislega. Þeir eru þá ekki eingöngu að

⁶ Emilie Buchwald, Pamela R. Fletcher og Martha Roth, ritstj., *Transforming a rape culture*, Minneapolis: Milkweed Editions, 2005, bls. xi.

⁷ Sama heimild, bls. xi.

beita valdi og niðurlægja konur heldur einnig að styrkja stöðu sína og tengsl innan karlahópsins.⁸ Vísbendingar um slíka tengslamyndun og hvernig konum er haldið undirskipuðum af körlum á Íslandi koma fram í rannsóknum á kynferðiseinelti í íslenski skólamenningu,⁹ kynferðisofbeldi í samböndum unglinga,¹⁰ vinnuvenningu og kynjatengslum lögreglunnar¹¹ og kynferðislegri áreitni hjá Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands.¹²

Brownmiller setti fram þá kenningu að ofbeldi gegn konum væri undirstaðan að yfirráðum karla yfir konum. Það nauðga ekki allir karlar en sú staðreynd að einhverjir geri það er nóg til þess að konum finnist sér ógnað. Þar af leiðandi hefur nauðgun áhrif á allar konur¹³ og samfélagið allt: Þau sem beitt eru ofbeldi, fjölskyldu og vini brotaþola sem upplifa ýmiss konar streitu, fjölskyldu og vini geranda sem oft upplifa skömm og reiði og meðlimi nærsamfélagsins sem upplifa sig síður örugga.¹⁴

Ógn leiðir af sér ótta, en ótti kvenna við nauðganir er veigamikill þáttur í nauðgunarmenningu. Óttinn við nauðganir hamlar konum og skerðir frelsi þeirra, og á því þátt í að viðhalda undirskipaðri stöðu kvenna í samfélaginu.¹⁵

⁸ Michael Flood, „Men, sex and homosociality: How bonds between men shape their sexual relations with women“, *Men and Masculinities*, 10: 3/2008, bls. 339-359, hér bls. 340-341.

⁹ Rannveig Á. Guðjónsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans í íslenski skólamenningu“, *Tímarit um uppeldi og menntun* 27: 1/2018, bls. 43-64, hér bls. 57-58.

¹⁰ Rannveig Á. Guðjónsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „Reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsárum: Berskjöldun og áhrif á skólagöngu“, *Netla - vef tímarit um uppeldi og menntun*, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 2017, sótt 8. apríl 2019 af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/14.pdf>.

¹¹ Finnborg S. Steinþórsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „Preserving Masculine Dominance in the Police Force with Gendered Bullying and Sexual Harassment“, *Policing: A Journal of Policy and Practice* 12: 2/2018, bls. 165-176, hér bls. 171-172.

¹² Thomas Brorsen Smidt, *Klámvæðing er kynferðisleg áreitni*, Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og MARK - Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna við Háskóla Íslands, 2012.

¹³ Susan Brownmiller, *Against our will: Men, women and rape*, New York: Bantam Books, 1975, bls. 15.

¹⁴ Mary P. Koss, „The RESTORE program of restorative justice for sex crimes: Vision, process and outcomes“, *Journal of Interpersonal Violence* 29: 9/2014, bls. 1623-1660, hér bls. 1624.

¹⁵ Finnborg S. Steinþórsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „Það er svo óþolandi að maður þurfi að setta sig við það að maður þurfi í raun að gera ráð fyrir að þetta geti gerst! Um áhrif nauðgunarmenningar á daglegt líf kvenna“, *Þjóðarspeggillinn XV: Rannsóknir í félagsvísindum – Stjórn málafræðideild*, ritstj. Silja Bára Ómarsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2014, bls. 1-9, hér bls. 7-8.

Óttinn byggir að miklu leyti á orðræðu samfélagsins og mýtum. Nauðgunarmenning, líkt og Alcoff skilgreinir fyrirbærið út frá hugmyndum Foucault um vald og orðræðu, framleiðir orðræðubúnt (e. *discursive formation*) sem skilgreinir brotaþola og gerendur, hvaða frásagnir eru trúverðugar, og í hvaða samhengi má tala um nauðganir.¹⁶ Mýtur, samkvæmt kenningum Roland Barthes, eru ein tegund orðræðu. Í mýtum felast ákveðin skilaboð sem eru búin til og notuð af ráðandi öflum og eru látin líta út fyrir að vera „eðlileg“ mynd af veruleikanum.¹⁷ Mýtur um nauðganir byggja á einfölduðum hugmyndum um ofbeldið og eru að mörgu leyti í mótsögn við meirihluta nauðgana.¹⁸ Lífseigar mýtur eru m.a. að nauðganir eigi sér stað utan-dyra, að gerandinn sé alltaf ókunnugur brotaþola, að brotaþoli beri ávallt áverka eftir nauðgun¹⁹ og að konur ljúgi til um nauðganir.²⁰ Rannsókn á íslenskum færslum á samfélagsmiðlum þar sem greindar voru skýringar brotaþola á kynferðisofbeldi varpar ljósi á hvernig brotaþolar spegla sig í þessum mýtum. Mýturnar, s.s. ríkjandi hugmyndir um gerendur sem einhverskonar rándýr, ríma ekki alltaf við upplifun brotaþola.²¹

Berns fjallar í þessu samhengi um tvær helstu viðnámsorðræður kynja-kerfisins sem þá um leið viðhalda nauðgunarmenningu, annars vegar að afkynja vandamálið (e. *degendering the problem*) og hins vegar að kynja ábyrgðina (e. *gendering the blame*).²² Afkynjun vandamálsins birtist m.a. í tilraunum til að endurskilgreina ofbeldi gegn konum sem almennt „ofbeldi gegn fólki“. Afkynjun vandamálsins skyggir á kynjuð valdatengsl og grefur undan þeirri staðreynd að kynferðisofbeldi er viðtekið samfélagslegt vandamál.²³ Þegar ábyrgðin er kynjuð er áhersla á að konur séu ofbeldismenn ekki síður en karlar, að kvenkyns brotaþolar beri ábyrgð á ofbeldinu sem þær eru beittar,

¹⁶ Linda Martín Alcoff, *Rape and resistance*, Cambridge, Medford, MA: Polity Press, 2018, hér bls. 3.

¹⁷ Roland Barthes, *Mythologies*, London: Vintage, 1993, bls. 109-110.

¹⁸ Liz Kelly, *Routes to (in)justice: A research review on the reporting, investigation and prosecution of rape cases*, London: Her Majesty's Crown Prosecution Service Inspectorate, 2001, bls. 4.

¹⁹ Sama heimild, bls. 4.

²⁰ Lesley McMillan, „Police Officers' Perceptions of False Allegations of Rape“, *Journal of Gender Studies*, 27: 1/2018, bls. 9-21, hér bls. 13.

²¹ Rannveig Sigurvinsdóttir, „„Þú veist þú vilt það“: Skýringar á kynferðisofbeldi á samfélagsmiðlum“, *Ritið* 3/2018, bls. 151-171, hér bls. 168.

²² Nancy Berns, „Degendering the problem and gendering the blame: Political discourse on women and violence“, *Gender & Society* 15: 2/2001, bls. 262-281, hér bls. 262-263.

²³ Sama heimild, bls. 265.

að samfélagið taki á ofbeldi gegn konum en ekki gegn körlum, og að kenna baráttusamtökum gegn ofbeldi um að ýkja eða falsa tölfræði um tíðni ofbeldis.²⁴ Þessi viðnámsorðræða gerir lítið úr valda- og stöðumun kvenna og karla og í stað þess að ráðast að rót vandans er ábyrgðinni varpað á herðar brotaþola og þeirra sem berjast gegn kynbundnu ofbeldi, sem einnig eru að meirihluta konur.

Kynferðislegt ofbeldi gegn konum er í senn orsök og afleiðing kynjamisréttis, og ekki er hægt að skilja fyrirbærið nema með því að greina það út frá kynjakerfinu.²⁵ Aðgerðarleysi ríkisvaldsins gagnvart nauðgunum varpar ljósi á kynjuð valdatengsl í samfélaginu. Hér á landi er „tilhneigingin [...] sú að það sé konunnar sem orðið hefur fyrir nauðgun að sanna að brotið hafi verið á henni“.²⁶ Brotaþolar sem vilja leita réttar síns fá sjaldan áheyrn dómstóla, en lögreglan sigtar mörg mál frá og ríkissaksóknari fellir fjölda mála niður. Af þeim 189 nauðgunum sem voru tilkynntar eða kærðar til lögreglu árin 2008 og 2009 var sakfelld í 11% málanna.²⁷ Rannsókn á niðurstöðum hæstaréttar í nauðgunarmálum leiðir í ljós að „sjónarmið kvenna eru lítt eða ekki fyrir hendi við úrslausnir mála“.²⁸

Svo virðist sem brotaþoli sé í betri sönnunarstöðu ef málið endurspeglar að einhverju leyti staðalmyndina um „alvöru nauðgun“, þ.e. þar sem gerandinn er ókunnugur og ræðst á brotaþola í skjóli nætur og beitir jafnvel vopnum.²⁹ Mál þar sem brotaþoli ber áverka, brotaþoli streitist á móti, vitni eru að nauðguninni og þar sem gerandinn er útlendingur, eru líklegri til þess að vera send frá lögreglunni til ríkissaksóknara.³⁰ Viðhorf sem litast af nauðgunarmýtum koma fram í dómum Hæstaréttar og héraðsdómstóla. Í

²⁴ Sama heimild, bls. 269-275.

²⁵ Sylvia Walby, Philippa Olive, Jude Towers, Brian Francis, Sofia Strid, Andrea Krizsán, Emanuela Lombardo, Corinne May-Chahal, Suzanne Franzway, David Sugarman, Bina Agarwal og Jo Armstrong, *Stopping Rape: Towards a Comprehensive Policy*, Bristol: Policy Press, 2015, bls. 8.

²⁶ Þórhildur Sæmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Hún reyndi ekki að kalla á hjálp...“: Greining á niðurstöðum Hæstaréttar í nauðgunarmálum“, *Ritið* 3/2018, bls. 67-96, hér bls. 73.

²⁷ Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, *Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009: Samantekt á belstu niðurstöðum*, Reykjavík: Innanríkisráðuneytið, 2013, bls. 48-49.

²⁸ Þórhildur Sæmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Hún reyndi ekki að kalla á hjálp...“: Greining á niðurstöðum Hæstaréttar í nauðgunarmálum“, bls. 93.

²⁹ Liz Kelly, *Routes to (in)justice*, bls. 5.

³⁰ Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, *Einkenni og meðferð nauðgunarmála*, bls. 39-41.

niðurstöðum dómstóla er áhersla lögð á líkamlegt ofbeldi og ábyrgð þolenda, sem virðist vera minni þegar gerendur hafa erlendan bakgrunn.³¹

Eftirlitsnefnd um samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum hefur lýst áhyggjum sínum af framgangi nauðgunarmála innan íslenska réttarvörslukerfisins. Kærufarlið er mjög erfitt og óþægilegt fyrir brotþola, málsmeðferðartími er langur og brotþolar fá litlar sem engar upplýsingar meðan á ferlinu stendur.³² Það að kerfið sé ekki nægilega vel sniðið að þörfum þolenda endurspeglast í rannsókn á reynslu kæranda nauðgana af réttarvörslukerfinu, en þátttakendur upplifðu það sem annað áfall að leita réttar síns.³³ Fram kom að konurnar upplifðu réttarvörslukerfið sem gerendavænt og voru ósáttar við kærufarlið að nær öllu leyti.³⁴ Í nauðgunarmenningu verður kynbundið ofbeldi að normi, athyglinni er beint að brotþolum og frá ábyrgð gerenda og þeim menningarlegu og kerfisbundnu þáttum sem ýta undir og viðhalda ofbeldi gegn konum.

Aðferðir og gögn

Eigindlegar rannsóknaraðferðir henta vel til að öðlast dýpri skilning á félagslegu fyrirbæri líkt og nauðgunarmenningu. Til að varpa ljósi á nauðgunarmenningu hér á landi voru tekin rýnihópaviðtöl, en slík viðtöl eru tilvalin til þess að fá innsýn í margvísleg viðhorf, reynslu og gildismat fólks.³⁵ Til að öðlast skilning á fyrirbærinu frá ólíkum sjónarmiðum var blönduðum aðferðum beitt og einnig stuðst við fimm hálfstöðluð einstaklingsviðtöl. Meginmarkmið þeirra viðtala var að varpa ljósi á reynslu brotþola af að kæra nauðgun til lögreglu, en hálfstöðluð einstaklingsviðtöl henta vel til að öðlast skilning á upplifun viðmælenda, heyra þeirra sjónarmið og leyfa við-

³¹ Þórhildur Sæmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Hún reyndi ekki að kalla á hjálþ...“: Greining á niðurstöðum Hæstaréttar í nauðgunarmálum“, bls. 93-94.

³² Eftirlitsnefnd um samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum, *Concluding observations on the combined seventh and eighth periodic reports of Iceland*, 2016, bls. 5.

³³ Karen Birna Þorvaldsdóttir, „Annað áfall ofan á bitt“: *Reynsla kæranda nauðgana af réttarvörslukerfinu á Norðurlandi þar sem málið var fellt niður*“, óútgefin meistararitgerð, Akureyri: Háskólinn á Akureyri, 2019, bls. 57, sótt 17. maí 2019 af <https://skemman.is/handle/1946/32390>.

³⁴ Sama heimild, bls. 62.

³⁵ Sóley S. Bender, „Rýnihópar“, *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*, ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, Akureyri: Háskólinn á Akureyri, 2003, bls. 85-99, hér bls. 85.

mælendum að segja frá sinni reynslu með eigin orðum.³⁶ Blandaðar aðferðir þjóna líka hlutverki margþrófunar (e. *triangulation*), en margþrófun eykur réttmæti niðurstaðna rannsókna.³⁷

Rýnihópaviðtölin voru við háskólanema, konur og karla á aldrinum 20–30 ára. Stúdentarnir voru í námi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands þegar viðtölin voru tekin. Við val á þátttakendum var stuðst við markvisst úrtak en þá eru þátttakendur valdir með rannsóknarspurninguna í huga. Þeir þurftu að vera á tilteknum aldri, stunda nám innan ólíkra námsleiða, deilda og skóla³⁸ og reynt var að komast hjá því að þeir þekktu hvern annan. Haft var samband við milliliði til að vísa á og nálgast viljuga þátttakendur. Ákveðið var að hafa rýnihópana kynjaskipta þar sem umræða um nauðganir getur verið viðkvæm fyrir þátttakendur og upplifun karla og kvenna getur verið ólík. Í tveimur rýnihópum karla voru fjórir og sex þátttakendur, og í tveimur rýnihópum kvenna voru fimm og þrjú þátttakendur. Leitast var við að hafa kynjahlutföllin jöfn en vegna forfalla tveggja kvenkynspátttakenda voru færri konur í rýnihópunum. Viðtölin fóru fram í fundarherbergi á Þjóðarbókhöðunni.

Tekin voru hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við þrjú brotaþola nauðgana sem höfðu kært nauðgun og sérfræðing sem starfar náið með brotaþolum. Auk þess var tekið hálfstaðlað viðtalið við einn háskólanema til að þróa viðtalsramma fyrir rýnihópaviðtölin. Viðtöl við brotaþola og sérfræðinginn, allt konur, höfðu þann tilgang að kortleggja upplifun brotaþola af því að kæra nauðgun og fá innsýn í réttarvörsluferfið frá sjónarhóli þeirra sem leita réttar síns. Rætt var við brotaþola sem höfðu ekki fengið niðurstöðu í mál sín til þess að fá sem skýrasta mynd af ferlinu, en niðurstaða málsins (niðurfelling, sýkna eða sakfelling) getur litað upplifun fólks. Viðtölin voru tekin á vinnustað, í heimahúsi og í fundarherbergi á Þjóðarbókhöðu. Rýnihópaviðtölin og hálfstöðluðu viðtölin voru á bilinu 55–120 mínútur. Viðtölin voru öll hljóðrituð með samþykki viðmælenda. Þau voru afrituð orðrétt og öllum persónurekjanlegum upplýsingum var eytt. Að lokinni afritun var upptökum eytt og afrituðu skjölunum, sem töldu 350 blaðsíður, var eytt að rannsókn lokinni.

³⁶ Bruce L. Berg, *Qualitative research methods for the social sciences*, Boston: Allyn & Bacon, 2009, bls. 107.

³⁷ Norman K. Denzin, „Strategies of multiple triangulation“, *The research act in sociology: A theoretical introduction to sociological method*, ritstj. Norman K. Denzin, New York: McGraw-Hill, 1970, bls. 297–313.

³⁸ Sóley S. Bender, „Rýnihópar“, bls. 86–87.

Helstu siðferðislegu álitamálin snúa að þátttakendum rannsóknarinnar. Öllum viðmælendum var heitið fullum trúnaði og nafnleynd, og gefin gervinöfn strax við afritun viðtala. Þátttakendum var gerð grein fyrir að þeir gætu hætt þátttöku í rannsókninni hvenær sem væri án nokkurra afleiðinga. Að auki voru þeir upplýstir um að ef einhverjar spurningar myndu vakna að loknu viðtali þá gætu þeir leitað til rannsakanda, sem er fyrsti höfundur greinar, hvenær sem er. Í viðtölum við brotaþola var markmiðið að fá innsýn inn í ferlið sem hefst í kjölfarið af erfiðri upplifun, en viðmælendur voru ekki spurðar um ofbeldið sem þær urðu fyrir. Þær voru upplýstar um það áður en viðtölin fóru fram. Í rýnihópaviðtölunum var ekki lögð áhersla á upplifun þátttakenda af nauðgunum, umræðan sneri að umfjöllunum um nauðganir og upplifun þátttakenda af þeirri umfjöllun. Rannsakandi var vakandi fyrir því að það gætu verið brotaþolar í hópnum. Ef grunur vaknaði um að þátttakendur byggju yfir erfiðri reynslu og að viðtalið hefði valdið þeim vanlíðan þá var rætt einslega við viðkomandi í lok viðtals og honum kynnt þau stuðningsúrræði sem eru í boði. Í öllu rannsóknarferlinu hugaði rannsakandi að því að tryggja að rannsóknin hefði ekki neikvæð áhrif á þátttakendur.

Við gagnagreiningu var stuðst við nálgun grundaðrar kenningar.³⁹ Gögnin voru marglesin og leitað að sameiginlegum þemum en einnig að þáttum sem sýndu ólíkar víddir innan hvers þema. Þemun eru: *Kynferðislegt ofbeldi sem norm*, *ábyrgð brotaþola*, „*alvöru nauðgun*“, og *ofbeldismaður afsakadur eða gerður að skrímsli með vísan í sjúkleika*. Gagnaöflun í kjölfar #metoo hreyfingarinnar hefði hugsanlega leitt til annarrar niðurstöðu, en þessi gögn gefa innsýn í rótrónar samfélagshugmyndir sem virðast hafa viðgengist um langt bil. Í næsta hluta eru niðurstöður greiningarinnar kynntar og helstu birtingarmyndir nauðgunarmenningar skoðaðar.

Niðurstöður

Kynferðislegt ofbeldi sem norm

Ein vísbending þess að ofbeldi gegn konum sé normaliserað í íslensku samfélagi er að fjórðungur kvenna hér á landi hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi einhvern tímann frá 16 ára aldri og rúmlega 13% kvenna hefur orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar eftir að þær urðu 16 ára.⁴⁰ Kyn-

³⁹ Barney Glaser og Anselm L. Strauss, *The discovery of grounded theory: Strategies for qualitative research*, New York: Aldine, 1967.

⁴⁰ Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, *Rannsóknir á ofbeldi gegn konum*, bls. 28.

ferðislegt ofbeldi gegn konum virðist gegnumsíra allt samfélagið eins og kom fram í samræðum milli Karls, Ara og Björns:

Karl: Við vorum að ræða þetta um daginn og, strákar sko, nú eigum við sameiginlegan allir vinkonuhóp. Basically [í grundvallaratriðum] get ég sagt það að örugglega 80% af stelpum sem ég umgengst, af öllum normum og ónormum, og öllum skala af fólki, ég held þær hafi allar einhverja sögu af kynferðislegu ofbeldi að segja. Örugglega upp á hár hver ein og einasta sko. Mismunandi stærðargráðum auðvitað. En allar sem eru yfir tvítugt hafa eitthvað svona...

Ari: Ég var í matarboði um daginn, þá var vinkona mín sem sagði mér að allar vinkonur hennar hefðu lent í einhverju kynferðislegu ofbeldi.

Björn: Allar mínar kærustur hafa lent í einhverju, eins og hann [Karl] segir þá misgrófu.

Í þessum samræðum lýsa karlarnir hversu margar konur í kringum þá hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi eða nauðgun. Ásókn í stuðningsúrræði fyrir brotaþola nauðgana undirstrikar hversu algengt er að konur séu beittar kynferðislegu ofbeldi. Árið 2017 leituðu 453 einstaklingar aðstoðar Stígamóta í fyrsta skipti vegna eigin mála og árið 2015 leituðu 169 brotaþolar til Neyðarmóttöku Landspítalans, en mikill meirihluti brotaþola er konur, 88-95%.⁴¹

Önnur birtingarmynd normaliseringar kynferðisofbeldis í íslensku samfélagi eru nauðganir á útihátíðum, m.a. í kringum verslunarmannahelgi. Þóra kemur inn á hvernig svo virðist sem nauðganir séu óhjákvæmilegur fylgikvilli slíkra skemmtana:

Mér finnst bara svona eins og það sé verið að gera ráð fyrir því að stelpum verði nauðgað. Eins og þetta sé bara eðlilegt. Það er eiginlega þannig í öllum fréttum sem ég hef lesið, og þá fæ ég alltaf þessa tilfinningu eins og maður bara bíður eftir að sjá, hvað verða þær margar? Sem er mjög scary [ógnvekjandi]!

Allir þátttakendur voru uggandi yfir umfjöllun um nauðganir á útihátíðum,

⁴¹ Stígamót, *Ársskýrsla Stígamóta 2017*, bls. 28. Sunna Valgerðardóttir, „Nauðganir verða sífellt grófarí.“

og upplifðu að fjallað væri um nauðganir sem „eðlilegt“ ástand og að það væri gert lítið úr alvarleika brotanna.

Nauðganir fá sjaldnast framgang innan réttarvörslukerfisins.⁴² Brotapolarnir sem rætt var við myndu ekki mæla með því við neina manneskju að kæra nauðgun. Ingibjörg upplifði eins og lögreglan „hefði bara lokað á [sig] hurðinni“. Sérfræðingurinn talar um að brotapolar þurfi að gera upp við sig hvort þeir séu tilbúnir að fara í gegnum kærufærlíð vitandi að það séu mjög fá mál sem enda með sakfellingu. Hún lýsir því hvernig hennar skjólstaðingar upplifi að það megi nauðga á Íslandi:

Þær segja svo margar að það megi bara nauðga. Það eru skilaboðin sem samfélagið er að senda þeim. Að það megi nauðga þeim, að það megi koma svona fram við þær. Af því það er ekkert gert í því. Og þetta er alveg rosalegt sjökk. Þær hætta að treysta samfélaginu. Þú veist? Mér finnst það mjög áberandi.

Sérfræðingurinn bendir á að brotapolar upplifi að réttarvörslukerfið sendi þeim ákveðin og ótvíræð skilaboð um að það sé þeim ekki hliðhollt. Þessi skilaboð berast ekki aðeins brotapolum nauðgana heldur birtust þau aftur og aftur í rýnihópaviðtölum rannsóknarinnar. Kata lýsir „krónísk[u] vonleysi, vonleysistilfinningu, gagnvart nauðgunarkærum“. Ríkjandi hugmyndir um nauðganir, þolendur og gerendur varpa einnig ljósi á stöðu brotþola og kvenna almennt í samfélaginu og eru ekki hliðhollar þeim.

Ábyrgð sett á herðar brotþola

Að brotapolar beri ábyrgð á nauðgunum (e. *victim blaming*) er viðtekin hugmynd í menningu okkar. Vísbendingar eru þó um að orðræðan sé að breytast. Vakning hefur verið meðal almennings, fyrir og eftir gagnaöflun þessarar rannsóknar, um að ábyrgðin sé ekki brotþolans heldur ofbeldismannsins. Hér á landi hefur verið gengin Drusluganga árlega frá 2011 og mörgum átaksverkefnum hefur verið hleypt af stokkunum, s.s. árlegu forvarnarátaki NEI hreyfingar Femínistafélags Íslands á árunum 2003 – 2012,⁴³ Vitundarvakn-

⁴² Sjá m.a. Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, *Einkenni og meðferð nauðgunarmála*, bls. 48-49. Eftirlitsnefnd um samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum, *Concluding observations on the combined seventh and eighth periodic reports of Iceland*, bls. 5. Sjá einnig Karen Birna Þorvaldsdóttir, „„Annað áfall ofan á bitt“: Reynsla kæranda nauðgana af réttarvörslukerfinu á Norðurlandi þar sem málið var felt niður“, bls. 58-59.

⁴³ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Gosvirkni í íslenskri kvennabaráttu“, *Tímarit Máls og menningar* 77: 4/2016, bls. 4-12, hér bls. 10.

ingu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum, sem gaf út fræðslumyndina *Fáðu já* sem var sýnd í elstu bekkjum allra grunnskóla árið 2012⁴⁴ og áttakinu *Samþykki er sexý* sem Samþykkishópurinn og Nei hreyfingin stóðu að árið 2013.⁴⁵ Í þessum átaksverkefnum var lögð áhersla á mikilvægi þess að samþykki fái stund en kynlíf er stundað með annarri manneskju.⁴⁶ Nýlega hefur þó aukist umræða um hvenær samþykki verður að þvinguðu samþykki.⁴⁷ Sú umræða skapaðist í kjölfar rannsókna sem sýna að orðræða sem notuð er í átaksverkefnum, sem hafa það að markmiði að skapa umræðu og auka meðvitund, endurspeglar oft ekki upplifun brotþola á ofbeldinu og er í einhverjum tilfellum talin gera illt verra.⁴⁸ Það kallar því á endurskoðun á orðfæri sem notað er um nauðganir meðal baráttuhreyfinga og stofnana.⁴⁹

Í viðtölunum var hugmyndin um að brotþolar beri ábyrgð á nauðgunum undirliggjandi og birtist m.a. sem druslustimplun (e. *slut shaming*). Tvöfalt síðgæði er ríkjandi þegar kemur að kynverund kvenna og karla, en kynhegðun kvenna er álitin neikvæð á meðan kynferðisleg virkni karla þykir mjög jákvæð. Druslustimplun er ríkjandi stjórntæki sem stýrir konum með smánun og skömm.⁵⁰ Í umræðum kom fram að það þótti druslulegt fyrir konur að hitta einhvern sem þú þekkir ekki, s.s. í gegnum miðla eins og á *Einkamál.is*, og brotþoli þótti síður trúverðugur ef nauðgun átti sér stað undir slíkum kringumstæðum.

⁴⁴ „Fáðu já“, *Stjórnarráðið*, e.d., sótt 8. apríl 2019 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/ofbeldi-gegn-bornum-fraedsluefni/fadu-ja/>.

⁴⁵ Linus O. Gunnarsson, Sólveig R. Másdóttir, Hertha Richard Úlgarsdóttir, Oddur Sigurjónsson, Karen Ásta Kristjánsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir, *Samþykki er sexý*, Reykjavík: Samþykkishópurinn og Nei-hreyfing Feministafélags Íslands, 2013.

⁴⁶ Sama heimild. „Fáðu já“.

⁴⁷ Áslaug Karen Jóhannsdóttir, „Næsta bylting: konur deila sögum af þvinguðu samþykki“, *Stundin*, 20. febrúar 2018, sótt 8. apríl 2019 af <https://stundin.is/grein/6263/naesta-bylting-konur-deila-sogum-af-thvingudu-samthykki/>.

⁴⁸ Linda Martín Alcoff, *Rape and resistance*, bls. 9. Lena Gunnarsson, „‘Excuse me, but are you raping me now?’ Discourse and experience in (the grey areas of) sexual violence“, *Nora-Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 26: 1/2018, bls. 4-18, hér bls. 15.

⁴⁹ Lena Gunnarsson, „‘Excuse me, but are you raping me now?’“, bls. 15.

⁵⁰ Rannveig Á. Guðjónsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans í íslenski skólamenningu“, bls. 51-53. Rannveig Á. Guðjónsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „Reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánú sambandi á unglingsárum“, bls. 3. Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, *Druslustimplun: „Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið“*, óútgefin meistararitgerð, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2015, bls. 49, sótt 8. apríl 2019 af <https://skemman.is/handle/1946/22729>.

Druslustimplun ýtir undir þá hugmynd að konur og stúlkur sem daðra og ögra eigi skilið minni virðingu en konur sem gera það ekki.⁵¹ Það leiðir af sér þá hugmynd að það sé eitthvað sem brotaþolar nauðgana geri sem verði til þess að þeim sé nauðgað. Slíkt kom fram í umræðum, og birtist m.a. í orðum Eddu:

Ég vil alls ekki meina að þetta sé eitthvað vandamál kvenfólks. Alls ekki. En stelpur hegða sér oft þannig, held ég, að það sé efit्त fyrir strákana að greina á milli hvað sé viðreynsla og hvað ekki. Þú veist, við klæðum okkur ögrandi, við erum daðrandi en við meinum ekkert með því. Hvernig, þú veist, hvernig er hægt að sjá muninn? [...] Spurningin er, ertu búin að ögra manneskjunni, aðilanum, það mikið að hann sé bara kominn lengra, lengra en öll góð dómgreind leyfir?

Þessi orð varpa ljósi á þær hugmyndir um að konur ögri með hegðun sinni og klæðaburði sem síðan leiðir til nauðgana. Þetta rímar við hvernig samfélagið setur konum reglur um hvernig þær eiga að hegða sér, klæða sig og koma fram. Þetta heyrar konur frá unga aldri. Konur fá m.a. leiðbeiningar um að vera ekki einar úti að nóttu til eða með ókunnugum, að drekka ekki of mikið⁵² og að klæðast nauðgunarvarnar-nærklæðnaði.⁵³ Konur fá þau skilaboð að ef þær fylgi þessum reglum þá muni þeim ekki verða nauðgað. Reglur sem þessar leiða til þess að ef konum er nauðgað þá eru þær um leið ásakaðar um að hafa ekki gert nægar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir nauðgunina. Þótt Þórir taki það skýrt fram að brotaþolar beri ekki ábyrgð á nauðgun þá birtist sú hugmynd í orðum hans:

Þeir [brotaþolar] geta sett sig í meiri hættu. Ég meina, þeir geta sett sig í aðstæður þar sem þeir eru í meiri hættu. Samt sem áður þá er það ekki þeim að kenna.

Að brotaþolar geti sett sig í hættu og þurfi að huga að aðstæðum endur-

⁵¹ Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, *Druslustimplun*: „*Þetta er ekki manneskja fyrir þér; þetta er bara netið*“, bls. 64.

⁵² Lýðheilsustöð, *Ef þú drekkur ekki*, 2009, sótt 8. apríl 2019 af <https://matthildurh.blog.is/blog/matthildurh/entry/854343/>.

⁵³ Amanda Hess, „The comfortable, elegant chastity belt for the modern rape victim“, *Slate.com*, 4. nóvember 2013, sótt 8. apríl 2019 af http://www.slate.com/blogs/xx_factor/2013/11/04/ar_wear_these_anti_rape_shorts_update_the_chastity_belt_for_the_rape_culture.html.

speglar mýtuna um að nauðganir eigi sér stað utandyra og að gerendurnir séu ókunnugir,⁵⁴ en það passar ekki við íslenskan veruleika þar sem brotaþoli og gerandi þekkjast í flestum tilvikum⁵⁵ og ofbeldið á sér oftast stað inni á heimilum.⁵⁶

Að konur geti fyrirbyggt nauðganir var ekki eina birtingarmynd þess að samfélagið setji konum reglur, en að auki komu fram hugmyndir um hvernig brotaþolar eigi að bregðast við ef þeim er nauðgað – einhverskonar reglur um „rétt“ viðbrögð. Yfirleitt var áherslan á viðbrögð brotaþola, en sjaldan var lögð áhersla á að gerandi ætti að breyta hegðun sinni. Það var algengt að þátttakendum fannst t.d. „ekki núna, ég er þreytt“ ekki nógu skýr skilaboð til gerandans um að brotaþoli vilji ekki stunda kynlíf. Undirliggjandi hugmyndir virðast vera að allir brotaþolar streitist á móti nauðgunum, en rannsóknir sýna að viðbrögð brotaþola geta verið mjög ólík, allt frá því að vera í gífurlegu uppnámi yfir í að vera þögul og virðast hafa stjórn á aðstæðunum.⁵⁷ Þessi krafa á ákveðin viðbrögð brotaþola birtist í orðum Eddu:

Hún segir hérna „ekki núna“, þýðir það nei? Eða þýðir það kannski á eftir? [...] Ég sé samt alveg hvernig þetta er, if the situation... Ef þú ert alveg í þínum heimi og hún segir „ekki núna“. Það getur alveg... ef þú segir þetta við lítinn krakka, ef þú segir „ekki núna“ þá vill hann vita hvenær, þú veist? Er það á morgun eða eftir fimm mínútur?

Þessi ríka krafa á „rétt“ viðbrögð nær ekki yfir gerendur, en þessi ummæli Eddu varpa ljósi á hvernig gerandinn, og kannski karlar almennt, eru barngerðir og þar með fríaðir ábyrgð eigin gjörða. Þeir skilja ekki og geta ekki skilið höfnun eða neitun af því að þeir eru eins og börn. Þetta er ein birtingarmynd þess hvernig gerandinn er afsakaður, en það er þema sem fjallað er um síðar í niðurstöðukaflanum. Niðurstöður rannsóknar á viðhorfum ungs fólks til samþykkis og nauðgunar sýna að flest ungt fólk skilur hvað átt er við með að „gefa samþykki“ (e. *giving consent*), en hefur takmarkaðan skilning á hvað hugtakið að „fá samþykki“ (e. *getting consent*) felur í sér. Talið er að mótun kyngervis, sérstaklega karlmennsku, hafi veruleg áhrif á hvernig ungt fólk skilur samþykki. Við búum við tvöfalt siðgæði þegar kemur að kynver-

⁵⁴ Liz Kelly, *Routes to (in)justice*, bls. 5.

⁵⁵ Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, *Rannsóknir á ofbeldi gegn konum*, bls. 63.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 65.

⁵⁷ Liz Kelly, *Routes to (in)justice*, bls. 4.

und kvenna og karla, ungum körlum er umbunað fyrir að stunda kynlíf en ungar konur sem gera slíkt hið sama mæta neikvæðu viðmóti eins og fjallað var um hér á undan.⁵⁸

Í orðum þátttakenda birtist hugmyndin um samskipti sem leik. Þóra bendir á að „það er strákurinn sem á að elta okkur“. Karlar eru veiðimenn sem eiga að elta bráðina. Þóra bendir einnig á að kona, „í flestum tilfellum“, segir ekkert „jæja, ætlarðu ekki að sofa hjá mér núna“ og gefur það vísbendingar um að í samfélaginu þyki bein orðaskipti um kynlíf ekki kynæsandi. Skilaboð samfélagsins virðast vera á þann veg að fólk sem er í þessum hugleiðingum eigi að stíga dans veiðimannsins og bráðarinnar og samskiptin milli þeirra eigi að vera dulúðleg. Í tengslum við þennan leik þá gildir sú hugmynd að nei þýði nei - nema stundum þýði það já.⁵⁹ Í orðum Sunnu birtist hugmyndin um að konur sem segja „nei“ meini í raun „já“:

Ég held líka oft að strákar, kannski sumir fá stundum bara skilaboð að eitthvað svona nei [...] eða þú veist, þeir gætu oft skilið það „en ég meina það ekki“.

Þessi hugmynd um dulúðleg samskipti er rótgróin í samfélagi okkar. Hana má m.a. sjá í vinsælum dægurlagatexta frá 1967, þar sem karl syngur: „segðu ekki nei, segðu kannski, kannski, kannski“.⁶⁰ Textinn varpar einnig ljósi á hvernig suð og þrýstingur eru notuð til að þvinga fram samþykki eins og endurspeglast í orðum Eddu hér að ofan. Þessar viðteknu hugmyndir geta haft áhrif á brotaþola. Sérfræðingurinn bendir á að margir brotaþolar spegli sig í þessum undirliggjandi hugmyndum, og þar af leiðandi kenni sjálfum sér um nauðgunina:

Fólkið sem kemur hingað er uppfullt af fordómum og er uppfullt af þessum mýtum. Þær kenna sjálfri sér um þetta. Þær tortyggja sjálfa sig. „Var ég ekki of flott klædd, of sexý klædd, var ég að tæla hann, eða sagði ég ekki nógu hátt nei eða, barðist ég ekki nógu mikið á móti?“ Brotaþolarnir eru sjálfir uppfullir af þessum mýtum

⁵⁸ Maddy Coy, Liz Kelly, Fiona Elvines, Maria Garner og Ava Kanyeredzi, *Sex without a consent, I suppose that is rape: How young people in England understand sexual consent*, London: The Children's commissioner for England, 2013, bls. 2.

⁵⁹ Nína Salvarar, „Kúrinn“, *Vísir.is*, 21. júlí 2013, sótt 8. apríl 2019 af <https://www.visir.is/g/2013130729907>. Rannveig Sigurvinsdóttir, „Þú veist þú vilt það“: Skýringar á kynferðisofbeldi á samfélagsmiðlum“, bls. 158.

⁶⁰ Sextett Ólafs Gauks og Svanhildar, *Sextett Ólafs Gauks og Svanhildar – Segðu ekki nei*, SG-hljómplötur, 1967.

og þetta er það sem við eyðum þúsundum klukkustunda á ári í að reyna að aftengja hjá þeim. Akkúrat þetta sem samfélagið er búíð að meitla inn í hugarfarið þeirra... að þetta sé þeim að kenna.

Óskrifaðar reglur og leiðbeiningar sem þessar færa ábyrgðina á brotunum frá gerendum og yfir á brotþola. Með þeim hætti er litið á nauðganir sem fyrirbæri sem konur geti komist hjá ef þær fylgi reglunum.⁶¹ Ef samfélagið vill setja konum reglur þá væri raunhæfara að setja reglur sem byggja á tölfræði nauðgana, en gerendur eru í flestum tilvikum karlar sem brotþolar þekka og umgangast.⁶² Þátttakendur sögðust allir vera meðvitaðir um að algengast væri að nauðganir ættu sér stað innan veggja heimila og að ofbeldismaðurinn væri oft einhver nákominn brotþola. Þrátt fyrir það kom fram lítill skilningur á nauðgunum í nánnum samböndum, sem hugsanlega má rekja til þess að til skamms tíma var fyrirbærið ekki viðurkennt.⁶³ Auk þess er hægt að rekja skilningsleysið til ríkjandi hugmynda um „alvöru nauðgun“.

„Alvöru nauðgun“

Liz Kelly skilgreinir staðalmyndina um „alvöru nauðgun“ þar sem gerandinn er ókunnugur og ræðst á brotþola í skjóli nætur og beitir jafnvel vopnum. Í fáum tilfellum eru nauðganir í samræmi við þessa hugmynd og mikill meirihluti nauðgana er í mótsögn við þessa hugmynd.⁶⁴ Rannsóknir sýna að gerendur eru kunnugir brotþolum (eins og fram hefur komið), brotin eiga sér stað á öllum tímum dags og nætur, oftast innandyra og fela oftast í sér hótun eða annars konar valdbeitingu án þess að vopnum sé beitt.⁶⁵ Orðræðan um nauðganir gerir það að verkum að brotþolar eiga oft erfitt með að skilgreina ofbeldið sem þau verða fyrir sem ofbeldi.⁶⁶ Þetta rímar við reynslu sérfræðingsins sem starfar með brotþolum, en að hennar mati þá uppfylla nauðganir sjaldnast þessa staðalmynd af „alvöru nauðgun“ og eru gerendur nauðgana oftast „einhver sem maður þekkir“. Hún bendir á að

⁶¹ Sjá einnig Rannveig Sigurvinsdóttir, „„Þú veist þú vilt það“: Skýringar á kynferðisofbeldi á samfélagsmiðlum“, bls. 165-166.

⁶² Stígamót, *Ársskýrsla Stígamóta 2017*, bls. 49. Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, *Rannsóknir á ofbeldi gegn konum*, bls. 63.

⁶³ Rannveig Á. Guðjónsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „Reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánnum sambandi á unglingsárum“, bls. 5. Ingólfur V. Gíslason, *Nauðganir í nánnum samböndum: Orsakir, afleiðingar og úrræði*, Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2008, bls. 5-6.

⁶⁴ Liz Kelly, *Routes to (in)justice*, bls. 5.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 3-4.

⁶⁶ Lena Gunnarsson, „‘Excuse me, but are you raping me now?’“, bls. 15.

Það sé algengt að brotapolar spegli sig í mýtunni um „alvöru nauðgun“ og eigi erfitt með að setta sig við það að „vinur“, „maki“ eða „yndislegur einstaklingur“ geti nauðgað.⁶⁷

Það var algengt að þátttakendur flokkuðu nauðganir samkvæmt mati þeirra á alvarleika brotsins sem þá jafnframt endurspegladi samfélagslegar hugmyndir. Þeir gerðu lítið úr þeim nauðgunum sem samræmdust ekki hugmyndinni um „alvöru nauðgun“, s.s. nauðgunum í samböndum og þar sem brotali er karl. Þetta birtist í orðum Lóu þegar hún gerir greinarmun á „grófri“ nauðgun og minna grófum nauðgunum:

Þetta er alveg, það er verið að halda þér [...] og það hefur alveg átt sér stað eitthvað svona, þú veist, miklu miklu meiri árás... eða ég veit ekki hvernig ég á að orða það.

Þau sem starfa í réttarvörslukerfinu eru ekki ónæg fyrir rótgrónum samfélagshugmyndum, þetta birtist m.a. í háu hlutfalli lögreglufólks sem telur að konur ljúgi til um nauðganir.⁶⁸ Þó brotapolar séu líklegri til þess að tilkynna nauðganir sem endurspeglar mýtuna þá er ekki ólíklegt að fulltrúar réttarvörslukerfisins, s.s. dómarmenn og lögmenn, séu mótaðir af mýtum sem eru ráðandi í samfélaginu.⁶⁹ Slík viðhorf hafa birst í ummælum nokkurra fulltrúa réttarvörslukerfisins í fjölmiðlum. Fulltrúarnir gera m.a. lítið úr reynslu brotali,⁷⁰ áfallastreituröskun og mati sálfræðinga.⁷¹

Sérfræðingurinn sagði að líkamlegir áverkar séu „það eina sem gildir“ til þess að mál fái framgang innan réttarvörslukerfisins. Þó telur hún það oft ekki nóg til þess að ákært sé í málinu. Anna Magga hafði mikla áverka eftir nauðgun, þrátt fyrir það náði mál hennar ekki framgangi innan réttarvörslu-

⁶⁷ Sjá einnig Kristlín Dís, „Nauðgun af gáleysi: Hvað á að gera ef vinur manns nauðgar?“, *Stundin*, 27. febrúar 2019, sótt 8. apríl 2019 af <https://stundin.is/grein/8415/naudgun-af-galeysi/>.

⁶⁸ Lesley McMillan, „Police Officers' Perceptions of False Allegations of Rape“, bls. 3-4.

⁶⁹ Sjá einnig Þórhildur Sæmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Hún reyndi ekki að kalla á hjálp...“: Greining á niðurstöðum Hæstaréttar í nauðgunarmálum“, bls. 92-94.

⁷⁰ Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, „Fjórum nauðgað á sama staðnum“, *DV*, 16. ágúst 2010, bls. 9. Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, „Sakborningur nýtur alltaf vafans“, *DV*, 29. september 2010, bls. 12-13. Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, „Hann verður að hafa ásetning“, *DV*, 1. október 2010, bls. 20-22.

⁷¹ Jón Steinar Gunnlaugsson, „Mál af þessu tagi“, *Tímarit Lögréttu* 5: 2/2008, bls. 97-109. Brynjar Nielsson, „Áfallastreituröskun og sönnun sektar“, *mbl.is*, 11. febrúar 2010, sótt 8. apríl 2019 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1321783/>.

kerfisins. Hún hafði samband við rannsakanda þegar kæra hennar var felld niður hjá ríkissaksóknara. Ástæðan sem henni var gefin var að „áverkar gætu stafað af langdregnum og harkalegum samförum og því stæði eingöngu orð gegn orði“ eins og fram kom í bréfi embættisins. Það að konur hljóti áverka af samförum gefur til kynna að ofbeldisfullt kynlíf sé félagslega samþykkt. Það gefur ennfremur vísbendingar um að ofbeldi gegn konum sé normal-íserað, og hversu langt er gengið í því að afsaka gjörðir gerenda.⁷²

Gerandi afsakaður

Gerandi er oft fjarverandi í umfjöllun um nauðganir og annað kynferðisofbeldi, t.d í fjölmiðlum.⁷³ Þegar rætt var um ábyrgð geranda á nauðgunum, þá var algengt að þátttakendur leituðu leiða til að afsaka ofbeldið, annars vegar að nauðgunin byggðist á misskilningi eða óskýrum samskiptum á milli fólks og hins vegar með því sem kallað er sjúkdómsvæðing (e. *medicalization*).⁷⁴ Algengt var að fjallað væri um nauðgun sem kynlíf þar sem eitthvað gerðist „óvart“ - en ekki sem ofbeldi. Þetta birtist m.a. í orðum Þóris í umræðum um nauðganir þar sem gerandi og brotaþoli hafa áður haft kynferðislegt samneyti:

Það myndi ekki skipta máli en ég myndi íhuga miklu meira og reyna að setja mig í spor [ofbeldismannsins]. Þá myndi maður meira hugsa, fór eitthvað rosa mikið úrskaiðis eða hvað gerðist eiginlega. Ætlaði hann að gera þetta? Eða þú veist, var þetta alveg óvart hjá honum eða?

Ef skýringin um misskilning gekk ekki upp var ofbeldismaðurinn sjúkdómsvæddur. Með sjúkdómsvæðingu er hegðun álitin vera sjúkdómur, og þar af leiðandi er gerandinn ekki álitinn ábyrgur fyrir „ástandi sínu“. Sjúkdómsvæðing vísar til þess þegar samfélagsleg viðfangsefni eru skilgreind eða meðhöndluð sem læknisfræðileg vandamál, þó svo þau séu ekki þess eðlis. Með sjúkdómsvæðingu er sjónum beint að einstaklingum í stað þess að rýna í kerfið sem mótar einstaklingana.⁷⁵ Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að konur og karlar sjúkdómsvæða með ólíkum hætti og í ólíkum tilgangi, konur

⁷² Sjá einnig Rannveig Sigurvinsdóttir, „„Þú veist þú vilt það“: Skýringar á kynferðisofbeldi á samfélagsmiðlum“, bls. 160.

⁷³ Sjá m.a. Sunna Valgerðardóttir, „Nauðganir verða sífellt grófari“.

⁷⁴ Peter Conrad, *The medicalization of society: On the transformation of human conditions into treatable disorders*, Baltimore: John Hopkins University Press, 2007, bls. 4.

⁷⁵ Sama heimild, bls. 4-8.

til þess að afsaka ofbeldismanninn og karlar til þess að jaðarsetja hann og þar með skrímslavæða hann.

Þegar ofbeldismaðurinn er sjúkdómsvæddur til þess að afsaka gjörðir hans er m.a. talað um heimsku, „svefnröskun“ eða jafnvel vanhæfni viðkomandi til að skilja „eðlileg“ samskipti á milli fólks. Í samtali milli Lóu, Nínu og Eddu birtist þessi tilhneiging til að sjúkdómsvæða gerandann:

Lóa: Í svefni þá verður kynörvun ákveðið mikil á ákveðnu stigi. Og ef að þú ert í svefni [...] Þá getur hann alveg verið að fylgja eftir draumum sínum án þess að vera meðvitaður um að hann sé í rauninni að því.

Nína: Það eru til allskonar svefnraskanir sem verða til þess að fólk er að gera allskonar dót í svefni.

Edda: En samt, eins og hún segir, hann hafi þurft að draga af henni nærbuxurnar.

Lóa: Ég meina, fólk hefur gert annað eins í svefni!

Nína: Fólk skiptir um ljósaperur í svefni.

Lóa: Já, ég hef sturtað úr skólatöskunni minni í svefni. Og þú veist, rífið allt út úr fataskápnunum mínum í svefni. Þó ég hafi ekki hugmynd um það fyrir en ég vakna daginn eftir og það er allt út um allt.

Nína: Stýrir maður einhverju sem maður gerir í svefni? Ég meina...

Lóa: Þú ræður ekki við það.

Edda: Er það afsökun að vera sofandi?

Lóa: Nei, ég meina, ég hef verið kýld í nefið í svefni af manneskju sem er sofandi. Á ég að kæra hann fyrir árás?

Karlarnir í rýnihópunum höfðu ekki þessa tilhneigingu til að afsaka karlana, þeir sjá gerendur ekki sem einhverja undirmálmenn heldur fyrst og fremst sem hættulega karla. Hugsanlega má túlka orð kvennanna á þann hátt að þetta sé þeirra leið til að hafa stjórn á eigin ótta. Manneskjan er frekar við stjórn ef hún getur afgreitt ofbeldismann sem veikan, og þar með dregið úr gerandahæfni viðkomandi, en ef hún sér hann sem hættulegan og vondan. Karlarnir studdust við sjúkdómsvæðingu til að jaðarsetja ofbeldismanninn, m.a. með „siðblindu“, geðveiki og að hann væri „ólæknanandi andfélagslegur

persónuleiki“. Þetta birtist m.a. í orðum Ragnars í almennri umræðu um nauðganir:

Þetta eru ekki heilbrigðir einstaklingar, sem að á annað borð hafa það líkamlega kapasítet að nauðga. Það bendir til einhverrar meiri-háttar veilu. Eða allavega sko, þetta er glæpur og verknaður sem ég frá mínu sjónarhorni gæti ekki líkamlega framkvæmt. Ég gæti tekið líf, í sjálfsvörn eða til að vernda einhvern mér náinn, en ég gæti ekki framið þennan glæp. Bara ómögulegt.

Í orðum Ragnars birtist hvernig samfélagið afmennskar gerendur og gerir þá að skrímslum. Orðræðan er á þann veg að þeir sem nauðga séu „óeðlilegir“ andstætt okkur sem teljumst „eðlileg“. Þetta endurspeglar það sem Sibley kallar orðræðu útilokunar⁷⁶ og Hall kallar öðrun (e. *othering*)⁷⁷ og byggist á neikvæðum staðalmyndum um ofbeldismenn. Þessi orðræða útilokunar og öðrunar kom fram í viðtölunum, þrátt fyrir að þátttakendur væru meðvitaðir um að flestir ofbeldismenn sem nauðga þekjja eða kannast við brotaþola. Þetta birtist skýrt í samræðum á milli Ara og Steinars:

Ari: Maður myndi aldrei trúa því að einhver myndi nauðga. [...] Ég ætti sko auðveldara með að fyrirgefa morðingja en nauðgara sko. Ég hef alveg rætt þetta við vini mína og ef að vinur okkar myndi myrða einhvern þá myndum við frekar taka hann í sátt heldur en ef hann myndi nauðga.

Steinar: Ég held það líka af því að maður skilur að einhverju leyti ástæðuna fyrir morði en ég get á engum tímapunkti hugsað aðstæðurnar þar sem ég nauðga einhverjum.

Skrímslavæðing leiðir af sér þá hugmynd að nauðgun sé alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja og alvarlegra brot en morð líkt og fram kom hjá karlkyns viðmælendum í rýnihóp. Rannsóknir sýna að flestir brotaþolar velja það að lifa af og að batahorfu séu nokkuð góðar.⁷⁸ Í rannsókninni kom fram að skrímslavæðing hefur mikil áhrif á brotaþola, en þær sem segja frá eða leita réttar síns þurfa að bera þá ábyrgð að hafa verið aðilinn sem eyðileggur mannorð ofbeldismannsins. Þetta kom fram í orðum Önnu Möggu:

⁷⁶ David Sibley, *Geographies of exclusion: Society and difference in the West*, London og New York: Routledge, 1995, bls. 14.

⁷⁷ Stuart Hall, „The spectacle of “the Other”“, *Representation: Cultural Representation and Signifying Practices* (8. útg.), ritstj. S. Hall, London: Sage, 2003, bls. 258.

⁷⁸ Liz Kelly, *Routes to (in)justice*, bls. 4.

Að maður þurfi virkilega að skoða og hugsa sig um, var þetta nú svo slæmt? Var þetta ekki bara svona lítil nauðgun? Svona smotterí? „Þú ferð nú varla að rústa mannorði einhvers fyrir þetta... getur hvort eð er ekkert sannað þetta, þetta er bara illgirn“ . Þú veist, það er ákveðinn samfélagslegur þrýstingur að maður setji sjálfa sig í annað sæti... og það er ömurlegt!

Brotaboli þarf að gera upp við sig hvort hún sé tilbúin til að bera ábyrgð á félagslegum afleiðingum þess að tala um nauðgunina, ofbeldið sem hún varð fyrir. Hvernig ábyrgðin er sett á herðar brotabola á meðan gerandinn er afsakaður birtist í orðum Sunnu:

Maður [brotaboli] myndi einmitt ásaka sjálfa sig kannski, og vera bara ótrúlega hræddur um að hafa verið að senda einhver skrýtin skilaboð og greyið strákurinn hafi bara misskilið mann... og síðan er maður bara búinn að kæra hann fyrir nauðgun og hann er með þennan stimpil á sér einhvern veginn.

Anna Magga upplifir að samfélagið líti á það sem „nánast verri refsingu að vera kærður fyrir nauðgun heldur en að verða fyrir nauðgun“. Hún segir:

Ég er miklu hræddari að segja frá því að ég sé þolandi í kærufærli heldur en að ég sé þolandi. Vegna þess að samfélagið hefur samúð með þolendum svo lengi sem að það er ekki gerandi. Svo lengi sem það bitnar ekki á neinum.

Pegar konur nafngreina ofbeldismenn er algengt að mýtan um rangar sakargiftir komi fram⁷⁹ og í viðtölum birtist hvernig brotabolum er trúað svo lengi sem gerandi er ekki nafngreindur. Gunnhildur upplifði hvernig vinir hennar skiptust í tvo hópa, „með og á móti“ sem virðist ekki vera óalgengt.⁸⁰ Þetta má líta á sem afleiðingu skrímslavæðingar líkt og sérfræðingurinn bendir á:

Það er einhvern veginn þægilegra að manneskja ljúgi heldur en að manneskja nauðgi. Og þar af leiðandi skilur maður þessar mýtur. Maður er bara að vernda sína heimsmynd.

⁷⁹ Lesley McMillan, „Police Officers’ Perceptions of False Allegations of Rape“, bls. 3-4.

⁸⁰ Sjá m.a. Kristlín Dís, „Nauðgun af gáleysi: Hvað á að gera ef vinur manns nauðgar?“ . „Fordæmd fyrir að kæra kynferðisbrot“, *Rúv.is*, 8. apríl 2013, sótt 8. apríl 2019 af <http://ruv.is/frett/fordaemd-fyrir-ad-kaera-kynferdisbrot>. Guðrún Katrín Jóhannesdóttir, „*Það urðu allir bara ógæðslega reiðir*“: *Að kæra nauðgun í litlu bæjarfélagi*, óútgefin meistaritgerð, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2016, sótt 8. apríl 2019 af <https://skemman.is/handle/1946/24313>.

Þegar ofbeldismenn eru gerðir að skrímslum eru litlar líkur á því að gerendur vilji gangast við því að vera slík skrímsli og hvað þá þeir sem standa ofbeldismönnum næst. Þar af leiðandi beinast spjótin að brotaþola og freistandi að skjóta sendiboðann eins og sagt er, og um leið færumst við sem samfélag fjær því að geta brugðist við nauðgunum án þess að jaðarsetja eða útskúfa þolendum eða gerendum.

Umræður og lokaorð

Markmið þessarar umfjöllunar er að varpa ljósi á birtingarmyndir nauðgunarmenningar á Íslandi. Helstu einkenni nauðgunarmenningar eru normalisering á kynferðislegu ofbeldi og orðræða sem setur ábyrgðina á brotaþola, dregur brotin í efa og afsakar gjörðir ofbeldismanna. Þessar birtingarmyndir ríma við kenningar Buchwald, Fletcher og Roth um nauðgunarmenningu.⁸¹

Tíðni kynferðisbrota og aðgerðarleysi ríkisvaldsins varpa ljósi á hvernig nauðganir eru normaliseraðar. Samfélagið er meðvitað um að vandamál sé til staðar og á sama tíma er lítið gert til að sporna við því; lítið er á nauðganir sem umflýjanlegar. Vandinn er kynbundinn, þar sem konur eru meirihluti brotaþola og karlar meirihluti gerenda. Þessi valdatengsl viðhalda kerfisbundinni undirskipun kvenna í samfélaginu.⁸² Ein af hverjum átta konum hefur orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar,⁸³ en nauðganir hafa áhrif á allar konur og viðhalda undirskipaðri stöðu þeirra í samfélaginu.⁸⁴ Normalisering á kynferðislegu ofbeldi ýtir undir ótta kvenna, þær óttast ekki aðeins að verða fyrir nauðgunum heldur einnig sinnuleysi réttarvörslu-kerfisins og samfélagsins.

Ríkjandi hugmyndir sem komu fram í rannsókninni passa við kenningar Berns um tvær helstu viðnámsorðræður kynjakerfisins, annars vegar hvernig vandamálið er afkynjað og hins vegar hvernig ábyrgðin er kynjuð.⁸⁵ Horft er fram hjá því að kynferðislegt ofbeldi er kynjað fyrirbæri sem byggist á valdamun. Í stað þess að ráðast að rót vandans þá viðhalda þessar hugmyndir vandanum og réttlæta kynferðislegt ofbeldi gegn konum, færa ábyrgðina á nauðgun frá ofbeldismanninum yfir á brotaþola og gera lítið úr kynferðislegu ofbeldi og ábyrgð ofbeldismanna sem eru álitnir sjúkir og þar með ekki

⁸¹ Emilie Buchwald o.fl., *Transforming a rape culture*, bls. xi.

⁸² Sylvia Walby o.fl., *Stopping Rape*, bls. 8.

⁸³ Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, *Rannsóknir á ofbeldi gegn konum*, bls. 28.

⁸⁴ Susan Brownmiller, *Against our will*, bls. 15.

⁸⁵ Nancy Berns „Degendering the problem and gendering the blame“, bls. 262-263.

ábyrgir gjörða sinna. Brotaþolar spegla sig í ríkjandi hugmyndum og upplifa sig annars flokks. Auk þess setur samfélagið konum reglur, sniðnar að ríkjandi hugmyndum sem ríma ekki við raunveruleikann. Slíkar reglur næra ótta kvenna, stýra þeim og skerða frelsi þeirra. Reglurnar og óttinn viðhalda ójafnri stöðu kvenna og karla í samfélaginu.⁸⁶

Konur eru, með þátttöku sinni í baráttuhreyfingum (s.s. #höfumhátt, #metoo), að láta í ljós að þeim er nóg boðið og með aðgerðum sínum vekja þær athygli á hárrí títöni kynferðisofbeldis og áreitni og sætta sig ekki við þöggun samfélagsins og aðgerðarleysi stjórnvalda. Orðræðan er e.t.v. að breytast og kannski kallar það á aðgerðir, Alcott og Gray-Rosendale vara þó við bjartsýni í þeim efnunum og benda á að kynjakerfið finni alltaf nýjar leiðir til að endurheimta orðræðuna.⁸⁷

Þrátt fyrir að konur hafi verið í forsvari baráttuhreyfinga gegn nauðgunum og að nauðgunarmenning bitni verr á konun en körlum, þá endurspeglast í viðhorfum þátttakenda rannsóknarinnar að konur jafnt sem karlar viðhaldi kynjakerfinu og nauðgunarmenningu. Það er því ekki nóg að brotaþolar stígi fram og samfélagið leggi við hlustir. Nauðgunarmenning er rótgróid fyrirbæri og það þarf meira átak til að hrófla við grunngerð samfélagsins.⁸⁸ Buchwald, Fletcher og Roth benda á að nauðgunarmenning sé í raun aðeins túlkun á gildum og viðhorfum sem hægt er að breyta.⁸⁹ Til þess þarf „að skora á hólmi ríkjandi hugmyndir og viðmið um kynverund og kyngervi sem afsaka nauðganir, eða jafnvel gefa þeim rómantískan blæ, og líta á þær sem hluta af löngunum eða staðlaðri karlmennsku, eða óhjákvæmlega afleiðingu af ákveðnum samskiptum eða aðstæðum“.⁹⁰ Samfélagið í heild þarf að skoða ríkjandi gildi og hegðun, en nauðgun er aðeins ein birtingarmynd af því viðhorfi að konur séu ekki jafnar körlum. Því gæti almenn jafnréttisfræðsla og kynfræðsla í grunnskólum skilað árangri líkt og kallað er eftir núna í kjölfar #metoo hreyfingarinnar.⁹¹

⁸⁶ Finnborg S. Steinþórsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „Það er svo óþolandi“, bls. 7-8.

⁸⁷ Linda Martín Alcott og Laura Gray-Rosendale, „Speaking “as”“, *Rape and resistance*, ritstj. Linda Martín Alcott, Cambridge, MA: Polity Press, 2018, bls. 187.

⁸⁸ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Gosvirkni í íslenski kvennabaráttu“, bls. 5.

⁸⁹ Emilie Buchwald o.fl., *Transforming a rape culture*, bls. xi.

⁹⁰ Linda Martín Alcott, *Rape and resistance*, bls. 10.

⁹¹ Fríða Rós Valdimarsdóttir, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, Jóhanna Heiðdal, Maríaanna Traustadóttir og Sonja Ýr Þorbergsdóttir, *Samtal við #metoo konur: Hvað getum við gert?*, Reykjavík: Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands, 2018, bls. 4.

Mikilvægt er að skoða innviði samfélagsins, s.s. virkni réttarvörslu-kerfisins, endurskoða lög og reglur, verklagsreglur lögreglu, saksóknara og dómara. Markviss fræðsla um nauðganir og afleiðingar þeirra fyrir alla sem koma að þessum brotaflokki er nauðsynleg. Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að ráðast í slíkar aðgerðir og hefur veitt auknum fjármunum til að efla málsmeðferð hjá lögreglu og héraðssaksóknara, auka endurmenntun og bæta rannsóknarbúnað og verklagsreglur lögreglu.⁹² Auk þess þarf að sýna brotaþolum stuðning og gefa þeim tækifæri til þess að leita réttar síns eða réttlætis með öðrum hætti. Hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi er t.a.m. þolendamiðuð, lögð er áhersla á að þolendur ráði för og fái að taka ákvarðanir um afdrif mála sinna, fái að tjá sig um afleiðingar ofbeldisins og fái um leið viðurkenningu á því að brotið hafi verið á þeim og þeim afleiðingum sem það hefur á líf þeirra.⁹³ Á Norðurlandi hefur verið unnið tilraunaverkefni í þágu þolenda kynferðisbrota. Þolendur fá stuðningsviðtal hjá sálfræðingi eftir skýrslutöku hjá lögreglu þar sem þeim gefst tækifæri til að ræða upplifun af ofbeldinu og skýrslutökunni. Liður í verkefninu er einnig að auka nærgætni við þolendur þegar tilkynnt er um niðurfellingu máls. Mat á því úrræði bendir til þess að þeim sem tilkynnt var um niðurfellingu máls með viðtali á lögreglustöð voru mun sáttari en þær sem fengu bréfsendingu eins og áður hafði tíðkast.⁹⁴

Nauðgunarmenning er ein ýktasta birtingarmynd kynjamisréttis. Konur og karlar á Íslandi hafa sömu lagalegu stöðu, í orði a.m.k., en langt er í land á mörgum sviðum. Byggt á alþjóðlegri úttekt á stefnum og aðgerðum stjórnvalda gegn nauðgunum benda Walby og félagar á að til þess að koma í veg fyrir nauðganir þá þurfi umbætur að eiga sér stað hjá flestum stofnunum samfélagsins og samfélagið í heild þarf að taka gagngerum breytingum.⁹⁵ Þau benda á að stjórnvaldsaðgerðir gegn nauðgunum sem á sama tíma taka á misrétti á öðrum sviðum samfélagsins auki líkurnar á árangri.⁹⁶ Því kynjuð valdatengsl í samfélaginu eru í senn orsök og afleiðing kynbundins ofbeldis

⁹² Dómsmálaráðuneytið, „Auknar fjárveitingar til meðferðar kynferðisbrota hjá lögreglu og héraðssaksóknara“, *stjornarradid.is*, 2. febrúar 2018, sótt 8. apríl 2019 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/02/02/Auknar-fjarveitingar-til-medferdar-kynferdisbrota-hja-logreglu-og-heradssaksoknara/>.

⁹³ Mary P. Koss, „The RESTORE program of restorative justice for sex crimes: Vision, process and outcomes“, bls. 1624.

⁹⁴ Karen Birna Þorvaldsdóttir, „*Annað áfall ofan á hitt*“: *Reynsla kæranda nauðgana af réttarvörsluferfinu á Norðurlandi þar sem málið var felt niður*“, bls. 60-61.

⁹⁵ Sylvia Walby o.fl., *Stopping Rape*, bls. 1.

⁹⁶ Sama heimild, bls. 7.

og nauðgunarmenningar.⁹⁷ Þessi tengsl birtast m.a. í því að efnahagslegt og menningarlegt valdaójafnvægi ýtir undir viðkvæma stöðu þolenda og getu gerenda til að brjóta af sér; kynjuð valdatengsl á sviði ákvarðanatöku og innan stjórnmalanna minnka líkur á því að stofnanir forgangsraði forvörnum og öðrum aðgerðum gegn nauðgunarmenningu.⁹⁸ Því er ljóst að ráðast þarf að rót vandans, brjóta upp kynjakerfið og önnur samtvinnuð valdakerfi og vinna að félagslegu réttlæti.

ÚTDRÁTTUR

Ábyrgar konur og sjúkir karlar

Birtingarmyndir nauðgunarmenningar í íslensku samfélagi

Á undanföllum mánuðum og árum hefur átt sér stað vitundarvakning varðandi nauðganir og annað kynferðislegt ofbeldi. Markmið þessarar rannsóknar sem hér er rædd er að varpa ljósi á birtingarmyndir nauðgunarmenningar á Íslandi, og þá sérstaklega hvaða hugmyndir eru ríkjandi meðal ungs fólks um nauðganir, þolendur og gerendur. Auk þess er sjónum beint að því hvaða áhrif þessar hugmyndir hafa á brotaþola nauðgana. Rannsóknin byggir á rýnihópaviðtölum við háskólanema á höfuðborgarsvæðinu og hálf-stöðluðum viðtölum við háskólanema, brotaþola nauðgana og sérfræðing sem starfar náið með brotaþolum. Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á nauðgunarmenningu hér á landi, hvernig nauðganir og annað kynferðislegt ofbeldi er normalíserað og hvernig orðræðan eða ríkjandi hugmyndir um nauðganir fjalla einkum um að nauðgun er dregin í efa, brotaþolum er kennt um nauðganirnar, og leitað er leiða til að afsaka gjörðir gerenda.

Lykilorð: Kynferðisofbeldi, kynjamisrétti, mýtur, þolendaábyrgð, sjúkdómsvæðing

⁹⁷ Sama heimild, bls. 8.

⁹⁸ Sama heimild, bls. 8.

ABSTRACT

**Responsible women and sick men
Manifestations of rape culture in Icelandic society**

In the past months and years women have been raising awareness against rape and other sexual violence. The aim of the research discussed in this article is to shed a light on rape culture in Iceland, especially what ideas are prevailing among young people about rape, survivors and perpetrators. Moreover, the aim is to shed a light on the impact of these ideas on rape survivors. The study draws on focus group interviews with university students and semi-structured interviews with a university student, rape survivors and an expert who works closely with survivors. The findings highlight rape culture in Iceland and how rape and other sexual violence is normalized. Predominant discourses and myths tend to question the rape, portray survivors as responsible for the rape and find ways to extenuate perpetrators.

Keywords: Sexual violence, gender inequality, myths, victim blaming, medicalization

FINNBORG SALOME STEINÞÓRSDÓTTIR

Nýdoktor í kynjafræði
Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasviði Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
IS-101 Reykjavík, Ísland
finnborg@hi.is

GYÐA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR

Dósent í kynjafræði
Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasviði Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
IS-101 Reykjavík, Ísland
gydap@hi.is

